

Fornleifastofnun Íslands ses  
Bárugötu 3  
101Reykjavík

Reykjavík, 23. júní 2022  
UST202205-348/I.M.B.  
09.05.01

## **Efni: Umsókn um leyfi til fornleifarannsóknar - Bergsstaðir í Þjórsárdal**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Fornleifastofnunar Íslands ses, dagsett 26. maí 2022, um leyfi til rannsókna innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal.

Svæði í Þjórsárdal er friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. auglýsingu nr. 110/2020. Innan svæðisins eru skilgreind þrjú svæði sem friðlýst eru sem náttúruvætti, skv. 48. gr. sömu laga, Gjáin, Háifoss og Granni og Hjálparfoss.

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags svæðisins. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir, sbr. 13. gr., auglýsingar um friðlýsingu skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allt rask á menningarlandslagi er háð leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 80/2012 um menningarminjar, og stjórnvaldsfyrirmæli.

Til að tryggja vernd jarðminja á svæðinu er óheimilt að hrófla við, raska eða skemma jarðminjar á friðlýsta svæðinu. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir framkvæmdum og/eða starfsemi skv. 13. gr. og 14. gr. auglýsingar um friðlýsingu.

### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til fornleifarannsóknar á Bergstöðum í Þjórsárdal dagana 4.-8. júlí 2022. Rannsóknarsvæðið er á 20-50m<sup>2</sup> svæði sem uppgötvaðist við aðalskráningu fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2018 og er þessi rannsókn framhaldsrannsókn þeirrar rannsóknar. Uppgröftur verður unninn með fornleifafræðilegum aðferðum og munu fjórir rannsóknaraðilar taka þátt í verkefninu. Uppblástur er mikill á svæðinu en um 20-40 cm verða teknir ofan af, þ.e. sé horft til fyrri rannsóknar á svæðinu sem fór fram árið 2018. Jarðveginum verður dreift yfir rannsóknarsvæðið að verkefni loknu og verður frágangur unninn í samstarfi við minjavörð Minjastofnunar Íslands. Markmið verkefnisins er að afla frekari upplýsinga um járnvinnslu sem og nýtingu auðlinda í Þjórsárdal sem og hvort önnur vinnsla hafi átt sér þar stað. Til að komast að rannsóknarsvæðinu verður ekið eins langt og leið liggur og síðasti spölurinn genginn. Kort með staðsetningu rannsóknarsvæðisins fylgdi umsókninni og er svæðið nr. 753:018 á kortinu.

### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur að framkvæmd verkefnisins muni ekki hafa neikvæða áhrif á náttúru og jarðminjar á svæðinu. Um er að ræða ógróið vikursvæði þar sem auðvelt er að afmá öll ummerki að rannsókn lokinni. Verkefnið mun hafa jákvæð áhrif varðandi upplýsingar um menningarminjar sem þarna er að finna.

**Niðurstaða og skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Fornleifastofnun Íslands ses fyrir sitt leyti leyfi fyrir fornleifarannsókn innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal sbr. lýsingu hér að ofan dagana 4.-8. júlí 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merkt sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. lög nr. 80/2012 og forsætisráðuneytis þarf fyrir verkefninu sbr. lög nr. 58/1998.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson  
*sérfræðingur*

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
*sérfræðingur*